



Umhverfis- orku og loftlagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 9. maí 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um stefnu stjórnvalda um öflun raforku

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 og lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (stefna stjórnvalda um öflun raforku).

Með frumvarpinu er lagt til að ráherra raforkumála leggi á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um öflun raforku til næstu tíu ára sem horft verði til við gerð verndar- og orkunýtingaráætlunar hverju sinni. Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um það ójafnvægi sem myndast hefur á milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem framleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt samfélagsins en samtökin hafa varað við þeirri stöðu um árábil. Framangreindur vandi hefur leitt til hærra raforkuverðs og skerðinga á raforku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja og útflutningstekjur. Tapaðar útflutningstekjur vegna skerðinga á afhendingu raforku til stórnotenda á fyrri hluta síðasta árs námu 14-17 milljörðum líkt og samtökin bentu á í greiningu sinni frá 17. maí 2024.¹ Þá bentu samtökin á að raforkuverð hefði hækkað um riflega 13% frá nóvembermánuði 2023 til nóvembermánaðar 2024 en viðlíka hækkun hefði ekki sést í 13 ár.² Einnig að meðalverð raforku Landsvirkjunar til stórnotenda án flutnings hefði hækkað um 32% frá 2019 til 2023 og meðalverð forgangsorku án flutnings um 34%. Þetta er skýr birtingarmynd af stöðunni í raforkumálum þar sem framboð hefur ekki fylgt vexti og viðgangi samfélagsins undanfarin ár. Rétt er að nefna að orkusækin iðnaður stendur undir 23% af útflutningstekjum Íslands og því umtalsverðir hagsmunir undir fyrir íslenskt samfélag. Samtökin hafa verulegar áhyggjur af stöðunni.

Frumvarpið kveður á um að við gerð verndar- og orkunýtingaráætlunar hverju sinni skuli litið til stefnu stjórnvalda um öflun raforku. Samtökin fagna þessu ákvæði mjög. Orkuöryggi er ein

¹ https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Tapadar-utflutningstekjur-vegna-raforkuskerdingar-17-05-2024.pdf

² https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Skortur-a-raforku-veldur-mikilli-haekkun-a-raforkuverdi-06-12-2024.pdf



af grunnstoðum íslensks samfélags og samkeppnishæft raforkuverð grundvallarariði fyrir samkeppnishæfni Íslands. Mikilvægt er að framboð af raforku taki mið af því. Hætti Ísland að vera samkeppnishæft m.t.t. raforkuverðs mun það hafa veruleg áhrif. Raforka gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeim orkuskiptum sem fram undan eru. Þunglamalegt og flókið ferli hefur staðið í vegi fyrir grænni orkuöflun á landinu þvert á þá framtíðarsýn sem fram kemur í orkustefnu stjórnvalda til ársins 2050 en samkvæmt henni skal Ísland vera land hreinnar orku árið 2050. Samkvæmt 4. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 er í verndar- og orkunýtingaráætlun mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Er það brýnt að við gerð verndar- og orkunýtingaráætlunar sé unnið samkvæmt þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa sett um öflun raforku. Samtökin kölluðu m.a. eftir slíku ákvæði í nýlegri umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sem liggur fyrir þinginu, sjá 268. mál.

Frá gildistöku laga um verndar- og orkunýtingaráætlun hafa forsendur gjörbreyst og leita þjóðir heims nú allra leiða til að afla endurnýjanlegar orku m.t.t. til loftlagsmála, samkeppnishæfni og viðnámsþróttar ríkja. Skýtur það skökku við að á meðan skuli íslenskt samfélag, sem hefur næga möguleika til slíkrar orkuöflunar, flytja inn á ársgrundvelli yfir milljón tonn af olíu fyrir um 160 milljarða króna. Breyttar aðstæður á alþjóðavettvangi og eldsumbrot á Reykjanesskaga gera það enn meira aðkallandi að stjórnvöld leiti allra leiða til tryggja aukna öflun raforku og að unnið verði eftir stefnu stjórnvalda þar að lútandi.

Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið og eru reiðubúin að funda um málið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltadóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði